

Ársskýrsla Öldungadeildar Félags Íslenskra hjúkrunarfræðinga starfsárið mars - apríl 2022-2023

Félagafjöldi: 580 í lok mars 2023

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: Ásta Möller varaformaður, Bergdís Kristjánsdóttir, varamaður, Erna Einarsdóttir, ritari, Guðbjörg Guðbergisdóttir, meðstjórnandi, Ragnheiður Haraldsdóttir, formaður, Steinunn Ingvarsdóttir, gjaldkeri og Unnur Sigtryggisdóttir, varamaður.

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári: Aðalfundur deildar í apríl 2023 kýs stjórn næsta starfsárs.

Félagsgjald: Engin félagsgjöld.

Stjórnarfundir: 15 formlegir stjórnarfundir voru haldnir auk óformlegri funda og rafrænna samskipta stjórnarinnar.

Innlend starfsemi:

Sumarferð var farin 10. júní í Borgar fjörð og voru ferðalangarnir 48. Stoppað var víða á leiðinni og kvöldverður snæddur í Hótel Glymi í Hvalfirði. Almenn ánægja ríkti með ferðina.

Almennur félagsfundur var haldinn í Hringssal á Landspítalanum 19.11 vegna framkominna itilagna stjórnvalda um hækkun starfslokaaldurs. Guðbjörg Pálsdóttir, formaður og Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar héldu erindi og sköpuðust miklar umræður í kjölfarið. Samantekt og greinargerð eftir fundinn var m. a. birt á heimasíðu Fíh.

Jólafundur var haldinn í húsi Hjálpræðishersins 10. desember og mættu 110 hjúkrunarfræðingar. Var gerður góður rómur að ánægjulegri samveru.

Undirbúin heimsókn í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild HÍ í janúar sem frestað var vegna veðurs.

Almennur félagsfundur um ýmis hagsmunamál var haldinn í húsi Fíh 7. mars og mættu 65 fundarmenn. Formaður Fíh og varaformaður Öldungadeildarinnar voru með innlegg og urðu umræður á eftir. Ákveðið var að halda áfram að reyna að bæta hag eldri hjúkrunarfræðinga innan vébanda Fíh.

Leikhúsferð var farin 17.mars og 22 einstaklingar nýttu það tækifæri og nutu góðrar sýningar og samveru.

Boðað hefur verið til aðalfundar 18. apríl og verður þar auk aðalfundarstarfa fjallað um ýmis mál er varða hjúkrunarfræðinga s.s. breytingar á hjúkrun sem fylgja nýjum spítala.

Bréf sent stjórn Fíh vegna húsnæðismála-hvatt til breytinga á aðstöðu vegna aðgengismála.

Bréf og greinargerð send heilbrigðisráðuneyti og stjórn Fíh vegna hugmynda um hækkaðan starfslokaaldur hjúkrunarfræðinga.

Kannaður stuðningur ýmissa stéttarfélaga við eldri félagsmenn. Matið var kynnt formanni Fíh á fundi með stjórninni og einnig á almennum félagsfundi.

Opnuð var fb-síða á árinu

Styrkur frá Fíh

Á starfsárinu fékk Öldungadeildin tvisvar styrki, 300.000 kr og viðbótarstyrk 200.000 kr. Styrkirnir voru m.a. notaðir til að greiða niður skuldir vegna sumarferðar og til salaleigu vegna aðalfundar og jólafundar.

Erlent samstarf

Rafræn samskipti við Seniorforsamlingen í Dansk Sygeplejerskab og er ætlunin að hefja formlegra samstarf milli norrænu félaganna. DS ber ábyrgð á verkefninu sem stendur.

Starf í nefndum á vegum Fíh

Formaður situr í stjórn Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen fyrir hönd Öldungadeildar, ekki hefur verið boðað til fundar þetta starfsár.

Tveir fundir eru haldnir árlega með formönnum allra fagdeilda og boðaðir af sviðsstjóra fagsviðs og sat formaður annan þeirra funda.

Þá hefur formaður kynnt starfsemi deildarinnar á árlegu námskeiði Fíh fyrir hjúkrunarfræðinga sem eru að hætta störfum vegna aldurs.

29. mars 2023

Ragnheiður Haraldsdóttir, formaður